

**Nd.**

**367. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 21, 9. júlí 1909, um fiskimat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Allur saltfiskur, verkaður og óverkaður, sem fluttur er hjeðan af landi og

fara á til Spánar og Ítalíu, hvort heldur beina leið eða um önnur lönd, sömu-  
leiðis sá saltfiskur, sem ætlaður er ~~á~~ verkunar innanlands og gengur kaupum  
og sölum, skal metiun og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum undir um-  
sjón yfirmatsmanna. Yfirmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun,  
hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hjer að  
lútandi, er þeim er skylt að hlýða, sem hlut eiga að máli. Hverjum fiskfarmi skal  
fylgja vottorð yfirmatsmanns, ritað á farmskrána.

Nánari reglur um matið og meðferð vörunnar, bæði við útflutning og í  
útflutningsskipunum, skulu settar í erindisbrjefum yfirmatsmanna, sem stjórnar-  
ráðið gefur út.

#### Greinargerð.

Fiskimatslögin frá 9. júlí 1909 ná eingöngu til fullverkaðs fiskjar, sem  
sendast á til Spánar og Ítalíu. Óverkaður saltfiskur gat þá naumast talist versl-  
unarvara, því venjan var sú, að útgerðarmenn sáu um verkun fiskafans fyrir  
háseta, og verðlagið miðað við verkaðan fisk. Meðan svo var háttað, náðu lögin  
tilgangi. En með aukinni og breyttri útgerð er svo komið, að þau eru ekki full-  
nægjandi, eins og þau nú eru, til þess að viðhalda hinu góða álit, er islenski  
fiskurinn er búinn að fá. Til þess virðist brýn þörf þeirra breytinga, sem gerðar  
eru í frumvarpsgreininni. Hve heillavænlegt það er fyrir sjávarútveg vorn og  
þjóðina í heild sinni að geta verndað það álit, sem lögin eru búin að vinna is-  
lenskum fiski á suðrænum markaði, þarf ekki á að benda; slíkt getur engum dul-  
ist, sem nokkra þekkingu hefir á hógum atvinnuvegarins, en þeim mun meiri  
ástæða er til að gæta fenginna hagsmuna og sjá um, að þeir gangi eigi aftur úr  
höndum vorum.

Nánara við framsögu.